

MENNING LISTIR

NÆSTU VIKU

MYNDLIST

Árnastofnun, Árnagarði: Handritasýning opin þri.- fös. 14-16. Til 15.5.
Galleri@hlemmur.is: L. Pérez de Siles de Castro og Ólafur Á. Ólafsson. Til 2.3.
Gallerí Fold, Rauðarárstíg: Daði Guðbjörnsson. Til 24.3.
Gallerí Reykjavík: Guðfinna Hjálmarsdóttir. Til 20.3. Ingibjörg Klemenzdóttir. Til 12.3.
Gerðarsafn: Carnegie Art Award.Til 3.3.
Gerðuberg: Þetta vil ég sjá – Eva María Jónsdóttir. Til 23.3.
Hafnarborg: Svifið seglum þöndum. Sverrissalur: Skipamódel Gríms Karlssonar. Til 8.4.
Hallgrímskirkja: Sigtryggur Bjarni Baldvinsson. Til 20.5.
i8: Helena Hietanen. Til 2.3.
Íslensk grafík: Guðný Björk Guðjónsdóttir. Til 24.3.
Langholtskirkja: Kristján Davíðsson og Ásgerður Búadóttir. Til 23.4.
Listasafn Ak: Sigurjón Ólafsson. Vestursalur: Katrín Elvarsdóttir. Til 7.4.
Listasafn ASÍ: Inga Sólveig Friðjónsdóttir, ljósmyndir. Gryfja: Íris Elfa Friðriksdóttir. Til 10.3.
Listasafn Borgarness: Björg Örvar, Gunnar Karlsson, Jón Axel Björnsson og Valgarður Gunnarsson. Til 3.4.
Listasafn Einars Jónssonar: Opið laugardaga og sunnudag kl. 14-17.
Listasafn Íslands: Úr eigu safnsins – fjórar sýningar. Til 14.4. Finnbogi Pétursson. Til 14.4.
Listasafn Rvíkur - Hafnarhús: Bernd Koberling. Til 3.3. Breiðholtið. Til 5.5.
Listasafn Rvíkur - Kjarvalstaðir: Austursalur: Jóhannes S. Kjarval. Til 31.5. Innsetning Hannesar Lárussonar. Hallsteinn Sigurðsson og Þór Vigfússon. Til 1.4.
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar: Kynlegir kvistir. Til 5.5.
Listasalurinn Man: Ingibjörg Hjartardóttir, Kristín J. Guðmundsdóttir og Rebekka Gunnarsdóttir. Til 10.3.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur: Guðmundur Ingólfsson. Til 24.3.
Norræna húsið: Norræna vatnslitasafniinu. Til 24.3. Húðflúr. Til 17.3.
ReykjavíkAkademían: Hjálmar Stefánsson. Til 3.4.
Straumur: Bjarki Reyр Ásmundsson og Arsineh Houspian. Til 3.3.
Þjóðarbókhlaða: Gerla. Til 8.3.
Þjóðmenningarhúsið: Landafundur og ragnarök.

TÓNLIST

Laugardagur
Borgarleikhúsið: Caput. Kl. 15.15.
Salurinn: Blásarasveit Reykjavíkur og strengjakvartett. Kl. 17.
Ýmir: Laugardagskvöld á Gili. Kl. 22.
Sunnudagur
Norræna húsið: Jonas Larsson slagverk. Kl. 17.
Laugarneskirkja: Kammersveit Nýja tónlistarskólans. Kl. 20.
Íslenska óperan: Signý Sæmundsdóttir, Ólafur Kjartan Sigurðarson, Friða Sæmundsdóttir. Kl. 12.15.
Miðvikudagur
Norræna húsið: Auður Hafsteinsdóttir, Nína Margrét Grímsdóttir. Kl. 12:30.

DANS

Borgarleikh: Íslenski dansflokkurinn: Through Nana's eyes, Lore, lau., fim. Bylting hinna miðaldra, mið. frums.

LEIKLIST

Þjóðleikhúsið: Jón Oddur og Jón Bjarni, frums. lau. Anna Karenina, fim., fös. Syngjandi í rigningunni, lau. Með fulla vasa af grjóti, lau., sun., fim., fös. Hver er hræddur við Virginíu Woolf, lau., sun., fim., fös. Karíus og Baktus, sun.
Borgarleikhúsið: Boðorðin 9, sun. Með vífið í lúkunum, fös. Fyrst er að fæðast, lau., sun., fim. Jón Gnarr, fös. Common Couple, sun. Píkusögur, lau., fös. Gesturinn, lau., fös.
Íslenska óperan: Leikur á borði, lau., fös.
Möguleikhúsið: Prumpuhóllinn, sun. Skuggal., mið.
Hafnarfjarðarleikhúsið: Rauðhetta, lau., sun.
Vesturport: Lykill um hálsinn, frums. lau. Sun., fim., fös.
Nemendaleikhúsið: Íslands þúsund ár, lau.
Leikfélag Akureyrar: Slavar, lau. Gullbrúðkaup, sun.

● Sjá einnig Staður og stund á mbl.is

Slagverksleikarinn Jonas Larsson á tónleikum í Norræna húsinu

SÉRSTÖK EFNISSKRÁ

SÆNSKI slagverksleikarinn Jonas Larsson kemur fram á tónleikum í Norræna húsinu á morgun, sunnudag, kl. 17. Á efnisskrá eru sex verk eftir fimm höfunda, þar af þrjú frumflutt.

„Það er svo merkilegt að öll tónskáldin þrjú verða viðstödd,“ segir eitt tónskáldanna sem fær verk frumflutt, Áskell Másson, en hin eru Bandaríkjamaðurinn Stuart



Áskell Másson

saunders Smith og Svíinn Fredrik Österling. „Það er ekki á hverjum degi að það gerist.“ Að auki leikur Jonas verk eftir James Tenney og Frank Cox. Að sögn Áskels setti Jonas efnisskrána saman sérstaklega fyrir þessa tónleika en sérstaða hans er nokkur í heimi slagverksins.

„Hann er þekktur fyrir að leika gjarnan verk sem eru alveg einstaklega erfið í flutningi og taka langan tíma í æfingu og vinnslu. Að því leytinu til er þetta mjög sérstök efnisskrá. Þetta er efnisskrá sem er harla ólíklegt að við fáum að heyra einhvern annan spila,“ segir Áskell.

Aura nefnist verk Áskels sem frumflutt verður á morgun. „Aura þýðir útgeislun og þetta er alveg glænýtt verk, samið um síðustu jól. Nafnið er í takt við viðfangsefnið en verkið er skrifað fyrir klukkuspil og crotales, sem eru litlar bjöllur. Það er heilmikið að gerast í þessu verki.“

Hreifst af leik Jonasar

Fundum Jonasar og Áskels bar fyrst saman í háskólabænum Akron í Bandaríkjunum fyrir sléttum fjórum árum. „Ég hafði unnið með landa hans og félagi Roger Carlsson í mörg ár en þekkti ekki til Jonasar áður. Það var hins vegar afskaplega gaman að kynnst honum. Hann var þarna með kynningu og tónleika, þar sem hann lék einmitt nokkur einstaklega erfið verk eftir ýmsa höfunda, meðal annars Stuart Saund-



Jonas Larsson frumflytur þrjú verk á tónleikunum á morgun.

ers Smith. Ég hreifst strax af leik hans og við fórum að ræða málin. Ég á geysilega stórt og erfitt verk sem heitir Sónata fyrir slagverk, fyrir einn spilara og fjöldan allan af hljóðfærum, og hann sýndi því strax mikinn áhuga. Eitt leiddi af öðru og við ákváðum að ég semdi nýtt verk sem að einhverju leyti yrði byggt á sönötunni. Það er Aura.“

Jonas leikur annað verk eftir Áskel á tónleikunum, Prim. „Það verk var samið fyrir Gert Mortensen og hefur verið leikið mörg hundruð sinnum og er vel þekkt meðal slagverksleikara. Prim hefur líka verið kennt í tónlistarháskólum víða um heiminn. Allir konunglegu skólarnir á Norðurlöndum

kenna það og sömuleiðis mjög margir háskólar í Bandaríkjunum og einhverjir í Evrópu.“

Áskell þekkir Fredrik Österling ekki en kynntist Stuart Saunders Smith í Bandaríkjunum. Eiginkona hans rekur útgáfufyrirtæki, Smith Publications, sem hefur gefið út tvö verka Áskels. „Ég þekki þau fyrst og fremst í gegnum þessa útgáfu.“

Smith-hjónin eru bæði slagverksleikarar og að sögn Áskels semur Stuart einkum og sér í lagi fyrir slagverk.

Tónleikarnir eru styrktir af Sænsk-íslenska samstarfssjóðnum og Svenska ríkskonserter en þeir eru haldnir í samvinnu við Vetrarhátíðina í Reykjavík.



Morgunblaðið/Ásdís

Finnbogi Pétursson inni í verki sínu. Innstir eru hljóðgjafarnir tveir.

„DIABOLUS“ Í LISTASAFNI ÍSLANDS

SÝNING á Diabolus, verki Finnboga Péturssonar, verður opnuð í Listasafni Íslands í dag, laugardag. Verkið hannaði hann og smíðaði fyrir íslenska sýningarskálann á myndlistar-tvíæringnum í Feneýjum á Ítalíu 2001 en þar var hann fulltrúi Íslands.

Diabolus er innsetning í formi hljóðskúlptúrs. Í öðrum enda verksins eru orgelpípa og hátalari sem geta myndað tóninn (diabolus in musica) sem kaþólska kirkjan bannaði um skeið á miðöldum.

Finnbogi Pétursson (f. 1959) menntaðist í myndlist við Myndlista- og handiðaskóla Íslands og Jan van Eyck Akademie í Maastricht, Hollandi. Hann hefur lagt sérstaka stund á gerð hljóðverka sem hann kallar oft „teikningar“ eða „skúlptúra“ í loftinu.

Sýningunni lýkur 14. apríl. Listasafnið er opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17. Ókeypis aðgangur er á miðvikudögum.

CARNEGIE ART AWARD

2001

LISTASAFN KÓPAVOGS
GERÐARSAFN, HAMRABORG 4, KÓPAVOGI

9. FEBRÚAR–3. MARS 2002

OPNUNARTÍMAR:
ÞRIÐJUDAGUR–SUNNUDAGUR KL. 11–17

LEIÐSÖGN:
GUÐBJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR, FORSTÖÐUMAÐUR
FIMMTUDAGUR, LAUGARDAGUR
OG SUNNUDAGUR KL. 15

AÐGANGUR ÓKEYPIS

www.carnegieartaward.com